

Kennsluáætlun 2024 - 2025

6. bekkur

Enska

Kennarar: Aldís, Einar og Linda Björk



Markmið

Markmið kennslunnar eru að nemendur nái tökum á þeim hæfniviðmiðum sem Aðalnámskrá leggur upp með. Lögð er áhersla á að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin nám og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum

Kennsluaðferðir/vinnulag

Margvíslegar kennsluaðferðir svo sem bein innlögn kennara, nemendur leita lausna og vinna með ýmsum aðferðum, einstaklings og samvinna. Kennt er að jafnaði þrjár kennslustundir í viku en einnig samtvinnað öðrum námsgreinum í smiðju.

Námsmat

Framvinda námsins er skráð jafnt og þétt allt skólaárið í Mentor. Námsmat byggist á ýmsum verkefnum t.d. munnlegum, verklegum og skriflegum sem tengd eru hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár.

Námsmat er skráð með hæfnitáknum.

Námsgögn

Námsbækur, frjáslestrarbækur, myndefni, hlustunarefni, vefsíður auk ýmissa annarra verkefna sem kennari tekur til.

Yes we can 6, lesbók

Yes we can 6, vinnubók



Langholtsskóli

Virðing, velliðan, skapandi skólastarfi

Kennsluáætlun 2024-2025

Kennari: Jóhanna Björk Halldórsdóttir

Bekkur: 6. bekkur

Markmið:

Í heimilisfræði fá nemendur fræðslu um hollustu og heilnæma matargerð. Einnig gefst nemendum tækifæri til að þjálfa upp hæfni við meðhöndlun hráefna með tilliti til aldurs og getu. Áhersla er lögð á að nemendur fái að kynnast efni sem tengist inn á næringarfræði, matargerð og hreinlæti.

Kennsluaðferðir / vinnulag:

Í öllum tímum er lögð áhersla á samvinnu, hreinlæti og almennt góð vinnubrögð. Áhersla er lögð á að nemendur læri að þekkja og meðhöndla þau hráefni sem unnið er með í tímum auk þess að temja sér góð vinnubrögð við verklega þættir kennslustundar.

Námsmat:

Námsmatið byggir á þeirri vinnu sem nemendur vinna í kennslustundum, bæði bóklegum sem og verklegum þáttum. Unnið er út frá tilteknum flokkum viðmiða úr Aðalnámskrá sem höfð er til hliðsjónar við mat á hæfni nemenda. Námsmatið er gert jafnt og þétt yfir kennslutímabilið og eru skráð með hæfnitáknum í Mentor.

Námsgögn:

Bókin Gott og gagnlegt ásamt vinnubók, áhöld, búnaður og hráefni í kennslueldhúsi auk verkefna og myndefnis sem tengjast námsefninu.

Kennsluáætlun 2024-2025

6. bekkur

Íslenska

Kennarar: Aldís Guðbrandsdóttir, Einar Helgason og Linda Björk Hilmarsdóttir.



Langholtsskóli

Virðing, velliðan, skapandi skólastarfi

Markmið

Markmið kennslunnar er að veita nemendum fjölbreytt tækifæri til að þróa og bæta kunnáttu sína og færni í beitingu tungumálsins til að nemendur geti sem best uppfyllt þau hæfniviðmið sem Aðalnámsskrá setur fram.

Kennsluaðferðir/vinnulag

5 stundir á viku. Kennslan byggist m.a. á innlögn kennara, einstakling-, para- og hópavinnu. Hluti af kennslunni er samþætt öðrum námsgreinum með smiðjuverkefnum. Bókaklúbbar hittast einu sinni í viku í smiðju þar þar sem nemendur velja sér eina bók af lista sem kennarar völdu.

Námsmat

Framvinda námsins er skráð jafnt og þétt allt skólaárið í Mentor. Námsmat byggist á ýmsum verkefnum t.d. munnlegum, verklegum og skriflegum sem tengd eru hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár. Námsmat er skráð með hæfnitáknum.

Námsgögn

Málrækt 2 <https://mms.is/namsefni/malraekt-2>

Orðspor 2, lesbók <https://mms.is/namsefni/ordspor-2-rafbok>.

Orðspor 2, vinnubók <https://mms.is/namsefni/ordspor-2-vinnubok-rafbok>

Smellur 2, <https://mms.is/namsefni/annar-smellur-rafbok>

skáldsögur (bókaklúbbar), verkefni frá kennurum, myndefni, vefslóðir, spil og leikir.

Markmið

Í íþróttatímum fá nemendur fjölbreytta þjálfun í mismunandi íþróttagreinum og hópleikjum sem stuðla að þjálfun í félagsfærni, samábyrgð og tillitsemi.

Að nemendur hafi ánægju af íþróttum og horfi á þær sem jákvæða upplifun, fái viðfangsefni við hæfi og læri að bera ábyrgð á eigin heilsu og þjálfun.

Kennsluaðferðir/vinnulag

Sýnikennsla, vettvangsferðir, endurteknar æfingar, leikir, stöðvapþjálfun, þrautabrautir, hópvinna.

Íþróttakennsla fer fram í íþróttahúsi Langholtsskóla og TBR.

Útítímabil er í byrjun hausts og lok vors.

Kennt er tvisvar sinnum í viku, 40 mínútur í senn.

Kynntar eru ýmsar íþróttagreinar, reglur og fyrirkomulag.

Lögð er áhersla á virðingu, vellíðan og virkni.

Námsmat

Metin eru hæfniviðmið í íþróttum samkvæmt aðalnámskrá.

Einkunn er gefin eftir frammistöðu, virkni og þátttöku þar sem merkin eru frammúrskarandi (blátt), markmiðum náð (grænt), þarfnast þjálfunar (gult) og markmiði ekki náð (rautt).

Frammistaða í stöðluðum prófum er grunnur einkunnar, en virkni í tímum er einnig metin.

Stöðluð próf: þolpróf, stökkpróf, sippupróf, kastpróf, hlaupapróf og styrktarpróf

Námsgögn

Nemendur mæti í íþróttafötum og íþróttaskóm í kennslustundir.

Áhöld í íþróttasal: Minni áhöld: boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badmintonflugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, keilur, skeiðklukkur, málband, spilastokkur, mottur, baunapokar, körfuboltar, fótboltar, handboltar, skotboltar, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, mjúkir boltar.

Stærri áhöld: kubbar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, blak uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet, grindur (fyrir grindahlaup), hástökk uppistöður og rá, langstökkspilanki, gervigrasvöllur, körfuspjald, grasvöllur.

Námshættir: Myndmennt
Kennarateymi: Magnús Dagur

Markmið

Lögð er áhersla á skapandi hugsun og valdeflandi kennsluhætti í þeirri von að nemendur öðlist aukna trú á eigin getu í skapandi vinnu. Nemendur nýta aðferðir í myndlist til að fara nýjar leiðir og brjóta upp hefðbundin mynstur til að skapa eitthvað nýtt. Þannig vonast kennarar eftir því að efla sjálfstraust nemenda. Lögð er áhersla á hópvinna þar sem kennari vonast til að stuðli af heilbrigðum samskipta og tilfinningalæsi. Einnig er lögð meiri áhersla að kynna nemendum fyrir myndlistarmönnum, myndlistar stefnum og ólíkum menningar heimum.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

Myndmennt er kennd í 12- 14 nemenda hópum 2x2 kennslustundir á viku hluta af skólaárinu. Einnig er einn hópur hálf skólaárið einu sinni í viku. Reynt er að valdefla nemendur í sköpun og virkja þeirra eigin hugmyndarflug.

Námsmat:

Námsmat byggir á vinnu í tímum og úrslausn úr þeim myndmenntaverkefnum sem lögð eru fyrir og tengjast hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

Námshættir:

Námshættir eru ýmsar bækur ásamt veraldarvef og fjölbreytt tæki og tól sem eru notuð í myndmenntakennslu.

Kennsluáætlun 2024-2025

6. bekkur

Smiðja (samfélagsfræði, náttúrufræði, upplýsingatækni)

Kennarar: Aldís Guðbrandsdóttir, Einar Helgason, Linda Björk Hilmarsdóttir.



Markmið

Markmið námsins er að nemendur verði betur meðvituð um sjálf sig og stöðu sína í heiminum, umhverfi sitt, sögu og menningu í bæði innlendu og alþjóðlegu samhengi, til að þeir geti sem best uppfyllt þau hæfniviðmið sem Aðalnámskrá setur fram.

Kennsluaðferðir/vinnulag

7-8 stundir á viku að jafnaði. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti; beina kennslu, samvinnunám, leitarnám, verklegar æfingar, verkefnavinnu, kannanir og ýmislegt fleira. Upplýsingatækni er veigamikill þáttur í verkefnavinnu. Unnið er í nokkrar vikur í senn í ákveðnum þemum og íslenska, enska og upplýsingatækni samvinnuð efni í samfélags- og náttúrufræði.

Námsmat

Framvinda námsins er skráð jafnt og þétt allt skólaárið í Mentor og skráð með hæfnitáknum. Námsmatið byggir á þeirri vinnu sem nemendur vinna í kennslustundum, bæði bóklegum sem og verklegum þáttum. Matsviðmið og hæfniviðmið um náttúrugreinar og samfélagsgreinar úr Aðalnámskrá eru höfð til hliðsjónar við mat á hæfni nemenda. skráð með hæfnitáknum í Mentor.

Námsgögn

Námsbækur, smáforrit, vefefni, mynd og hljóðefni, verklegar æfingar, kortabækur, spjaldtölvur og leikir.

Norðurlöndin, lesbók <https://mms.is/namsefni/nordurlond-grunnbok-rafbok>

Norðurlöndin, vinnubók <https://mms.is/namsefni/nordurlond-vinnubok>

Náttúrulega 2, lesbók <https://mms.is/namsefni/natturulega-2-nemendabok-rafbok>

Náttúrulega 2, vinnubók <https://mms.is/namsefni/natturulega-2-verkefnabok-rafbok>

Barnasáttmálinn <https://www.barnasattmali.is/>

Markmið:

Markmið kennslunnar eru að nemendur nái tökum á þeim hæfniviðmiðum sem Aðalnámskrá leggur upp með í 6 bekk, sem birtast á kennsluáætlunum sem nemendur fá í upphafi hvers kafla.

Stika 2a

- Tölur og reikningur
- Líkur
- Tugabrot
- Rúmfræði

Stika 2b

- Mælingar
- Almenn brot
- Margföldun og deiling
- Hnitakerfi og hlutföll

Kennsluaðferðir/vinnulag:

Kennt er í lotum eftir námsefni og eru 5-6 kennslustundir í viku. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Kennslan byggist m.a. á innlögn, reglulegri upprifjun, einstaklingsvinnu og hópavinnu að einhverju leyti.

Námsmat:

Áhersla verður lögð á ástundun, virkni í tímum og sett verða fyrir próf eftir hvern kafla. Eftir hvert próf verður merkt við hæfniviðmið í Mentor.

Námsgögn:

Stika 2A og 2B

Nemendabækur, <https://mms.is/namsefni/stika-2a-nemendabok> og

<https://mms.is/namsefni/stika-2b-nemendabok>

Æfingahefti, <https://mms.is/namsefni/stika-2a-aefingahefti-lausnir> og

<https://mms.is/namsefni/stika-2b-aefingahefti>

Myndbönd inn á

Google Classroom.

Multi https://podium.gyldendal.no/multi-nettoppgaver#menulitem_6a

og https://podium.gyldendal.no/multi-nettoppgaver#menulitem_6b, töflureiknar, verkefni

ásamt öðru ítarefni. Skólinn útvegar öll kennslugögn.

Námsáætlun 2024 - 2025

6. bekkur

Stærðfræði

Kennarar: Aldís Guðbrandsdóttir, Einar Helgason og Linda Björk Hilmarsdóttir



Markmið

Markmið Öryggi og vellíðan í vatni.
Þátttaka, vatnsleikir, fljóta á maga og baki, sækja hlut í kafi.
Skriðsund fótatak, baksund fótatak, bringusund fótatak, skólabaksund fótatak, skriðsund, baksund, bringusund.
Áhersla lögð á að nemendur taki þátt í æfingum sem tengja saman mismunandi sundhreyfingar, með eða án áhalda.

Kennsluaðferðir/vinnulag

Kennsluaðferðir/vinnulag Sundkennsla fer fram með og án áhalda. Sundkennsla fer fram í formi leikja, sýnikennslu, stýrikennslu, tækniæfinga, sundþjálfunar og frjálsum leik. Lögð er áhersla á virðingu, vellíðan og virkni. Lögð er áhersla á að nemendur fylgi eftir reglum sundstaða.

Námsmat

Mat á frammistöðu í tímum, vinnusemi, hegðun og sundfærni.
Metin eru hæfniviðmið í íþróttum samkvæmt aðalnámskrá.

Námsgögn

Nemendur mæti með sundföt og sundgleraugu.
Hringir, korkar, blöðkur, kútar, svamp núðlur.